



Framför í lífsgæðum

- reglulegt heilsueftirlit
- fræðsla um heilbrigðan lífstíl
- vitundarvakning um lífsgæði



FRAMFÖR
OG FYRIRTÆKI

Andlegur
stöðugleiki

Líkamlegt
hreytti

Framför og fyrirtæki

Grunntilgangurinn hjá Framför með þessu verkefni er að leggja grunn að reglulegu eftirliti með blöðruhálskrabbameini hjá karlmönnum sem orðnir eru 50 ára og skapa heilbrigðari lífstíl almennt hjá karlmönnum til að takast á við þennan illviga sjúkdóm sem tekur of mörg líf of smemma.

Sköpun
og skynjun

Samfélagsleg
virkni

Hamingja
og lífsgleði

Sjálfstyrking
og sjálfstraust



Framför og fyrirtæki fyrir betri lífsgæðum

Framför og fyrirtæki byggir á því að efla og bæta lífsgæði karlmannna 50 ára og eldri. Þetta frábæra símenntunar umhverfi leggur áhersu á að byggja upp andlegt og líkamlegt þrek og góða heilsu ásamt því að leggja grunn að reglulegu eftirliti og úttekt á heilsu. Markmiðið er að karlmenn á efri árum njóti lífisins betur, hámarki sín lífsgæði og leggi grunn að því að lifa eins vel og lengi og nokkur kostur er.

Þörfin er mikil - við sinnum henni

Árlega eru á Íslandi um 2300 karlmenn lifandi með greint krabbamein í blöðruhálskirtli og eru ýmist undir virku eftirliti, eru í meðferð eða hafa lokið meðferð við sjúkdómnum. 90% þeirra sem greinast lifa lengur en fimm ár og 80% lengur en tíu ár, þannig að stóra markmiðið er að leggja grunn að bestu lífsgæðum fyrir þessa karlmenn og þeirra aðstandendur í þessum aðstæðum.

Samstarf hjá Framför við fyrirtæki og stofnanir

Framför og fyrirtæki er starfsrækt í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Íslandi og á að verða með tímanum hluti af starfsumhverfi karlmannna á hverjum stað. Ávinningur fyrirtækja og stofnana af þessu verkefni væri aukin starfsánægja, meiri áhugi fyrir sínu starfsumhverfi og meiri persónuleg virkni sem með tímanum ætti að skila aukinni framlegð í starfsumhverfinu.



Framför í lífsgæðum

- reglulegt heilsueftirlit
- fræðsla um heilbrigðan lífstíl
- vitundarvakning um lífsgæði



FRAMFÖR
OG FYRIRTÆKI